

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, suðurhlíð Langjökuls, íshellir.

Í deiliskipulaginu felst afmörkun 2,25 ha lóðar fyrir manngerðan íshelli. Að auki er gerð grein fyrir heimiluðum framkvæmdum innan svæðisins, aðkomu og viðhaldi hellisins, frágangi svæðisins og umhverfisáhrifum.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. janúar 2022.

Deiliskipulag, Bringur í landi Drumboddsstaða.

Um er að ræða deiliskipulag frístundasvæðis sem er þegar uppbyggt að hluta. Markmið með deiliskipulaginu er að skýra byggingarheimildir innan reitsins sem og að festa lóðamörk og stærðir lóða innan svæðisins.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. nóvember 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Reykholt, hreinsistöð.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að skilgreind er lóð fyrir nýtt hreinsivirki fráveitu að Reykholti. Samþykkt í sveitarstjórn 17. febrúar 2022.

Deiliskipulagsbreyting, Reykholt, spennistöðvar.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst skilgreining lóða og byggingarreita fyrir spennistöðvar.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. mars 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. maí 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.